



Aðalfundur 2020

Aðalfundur félagsins verður haldinn 26. mars 2020, kl. 14:30 að Borgartúni 6, 4. hæð. Félagsmenn eru hvattir til að taka frá þennan tíma til að mæta á aðalfund félagsins.

Framboðsfrestur er til 1. febrúar 2020

Þeir félagsmenn sem vilja gefa kost á sér til embættis eða trúnaðarstarfa sem kosið verður í á aðalfundi Félags íslenskra náttúrufræðinga í mars næstkomandi skulu tilkynna stjórn FÍN um framboð sitt fyrir **1. febrúar nk.** með því að fylla út eftirfarandi [eyðublað](#). Ekki er hægt að bjóða sig fram á sjálfum aðalfundinum.

Frestur til að skila inn lagabreytingatillögum

Tillögur félagsmanna um breytingar á lögum félagsins skulu hafa borist stjórn félagsins fyrir **1. febrúar nk.** Félagsmenn eru hvattir til að kynna sér [lög](#) félagsins, [reglur Kjaradeilusjóðs FÍN](#) og [starfsreglur siðanefndar FÍN](#). Félagsmenn skulu senda inn lagabreytingatillögur á netfangið fin@bhm.is.

Framboð til embætta, trúnaðarstarfa og tillögur um lagabreytingar verða kynntar í aðalfundarboði.

Skrifstofa FJN er að
Borgartúni 6, 3. hæð
105 Reykjavík

Opið mán.—fim.
frá kl. 15:00-16:00

Sími: 595-5175
Netfang: fin@bhm.is
Veffang: www.fin.is

Starfsmenn á skrifstofu:

Marianna H. Helgadóttir
Formaður og framkv.stjóri

Runólfur Vigfússon
Lögfræðingur

Berglind Sigurðardóttir
Sérfræðingur

Ásdís Gíslason
Sérfræðingur

Útgefandi: FJN

Ábyrgðamaður:
Marianna H. Helgadóttir

Upplag:
Netútgáfa

Embætti og trúnaðarstörf í kjöri á aðalfundi 2020

Allir félagsmenn sem ætla að bjóða sig fram til embætta eða trúnaðarstarfa þurfa að **tilkynna um framboðs sitt með formlegum hætti fyrir 1. febrúar nk.** með því að fylla út eftirfarandi [eyðublað](#).

Eftirfarandi embætti/trúnaðarstörf eru í kjöri á næsta aðalfundi og eftirfarandi aðilar eru að ljúka 2ja ára kjörtímabili:

Stjórn:

Formaður FJN: Marianna H. Helgadóttir, FJN

Meðstjórnendur:

Guðrún Nína Petersen, Veðurstofa Íslands

Hafdís Sturlaugsdóttir, Náttúrustofa Vestfjarða

Haraldur Rafn Ingvason, Náttúrufræðistofa Kópavogs

Katrín Guðjónsdóttir, Matvælastofnun

Lilja Grétarsdóttir, Reykjavíkurborg

Rakel Júlía Sigursteinsdóttir, Actavis Group PTC ehf.

Svava S. Steinarsdóttir, Reykjavíkurborg

Sverrir D. Halldórsson, Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarst. hafs og vatna

Torfi Geir Hilmarsson, Alvotech hf.

Stjórn Kjaradeilusjóðs: *

Aðalmenn:

Ólafur Eggertsson, Skógræktin, Formaður kjaradeilusjóðs

*Jafnframt sitja í stjórn Kjaradeilusjóðs, eftirtaldir aðalmenn: formaður FJN og gjaldkeri FJN og varamenn: varaformaður FJN og ritari FJN.

Siðanefnd:

Aðalmenn:

Emelía Eiríksdóttir, Actavis Group PTC ehf.

Hafdís Eygló Jónsdóttir, Vegagerðin

Jónas Jónasson, Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Varamaður:

Ægir Þór Þórsson, Rannís—Rannsóknamiðstöð Íslands

Fyrir liggur að núverandi formaður félagsins gefur kost á sér áfram. Þrjú stjórnarmenn hafa tilkynnt um að þeir ætli ekki að gefa kost á sér áfram, það væri því kostur að fá inn í stjórn félagsins aðila sem starfa á almennum vinnumarkaði, starfa eftir samningi Sambands íslenskra sveitarfélaga eða aðila sem starfa eftir svokölluðum tengisamningum við ríkið. Varðandi stjórn Kjaradeilusjóðs FJN þá gefur formaður kjaradeilusjóðs kost á sér áfram. Einn nefndarmaður í Siðanefnd FJN hefur tilkynnt um að hann gefi ekki kost á sér áfram.

Staða kjarasamninga

Félag íslenskra nátturfræðingur hefur verið með lausa samninga við ríkið, sveitarfélögin og Reykjavíkurborg í rúmlega 9 mánuði og því miður hefur ekki náðst samningar milli félagsins og viðsemjenda okkar. Engar viðræður eru hafnar við Samtök atvinnulífsins, en sá samningur gildir þar til nýr er gerður.

Mikið samstarf hefur verið á milli okkar viðsemjenda vegna útfærslu á styttingu vinnuvikunnar og mikill tími hefur farið í þá umræðu við samningaborðið. Mikilvægt er að útfærslan sé þannig úr garði gerð að bæði dagvinnu- og vaktavinnuhópar geti vel við unað. Kröfugerð félagsins er alveg ljós og viðsemjendur vita vel hverjar okkar kröfur eru en það verður ekki sagt að samtalið hafi verið mikið um þær.

Umræður um launaliðinn hefur verið mjög mikil þrautarganga og nú hefur FÍN ásamt 10 öðrum félögum átt alls 40 fundi með ríkinu og afurð þessara funda hafa ekki staðið undir væntingum. Viðsemjendur bera fyrir sig lífsskjara-samninga Samtaka atvinnulífsins (SA) sem gerður var við ákveðin félög innan Alþýðusambands Íslands. Ríkið virðist hafa samið um það við SA að það muni ekki gera neitt öðruvísi við félög sem þeir eiga ósamið við á opinbera markaðinum. Þessar samningaviðræður sl. 9 mánuði hafa endurspeglad virðingarleysi viðsemjenda okkar fyrir samningsumboði okkar, aðrir virðast leggja línuna fyrir okkur varðandi launahækkanir og þessi nálgun er með öllu óþolandi. Ekki er því hægt að segja að viðsemjendur okkar viðhafi bætt vinnubrögð við gerð kjarasamninga, þvert á móti er upplifun okkar sú að samningsumboð okkar sé fótum troðið.

Það er einstakt hér á Íslandi hvað þátttaka er mikil í stéttarfélögum, en hún er yfir 90%. Okkur ber að verja þann mikilvæga árangur fyrri verkalýðsforingjar náðu á undanförunum árum. Það var blóð, sviti og tár launþega sem kom okkur á þann stað sem við erum í dag og okkur ber að verja þann árangur sem baráttan hefur komið okkur. Það er ekki sjálfgefið að hafa réttindi eða samningsumboð. Við getum ekki gefið eða selt verðmæt réttindi eins á kostnað annars til að ná samningum. Kjarasamningar við vinnuveitendur verða ekki gerðir á kostnað launamanna.

Viðsemjendur okkar hafa viljað ganga frá rúmlega 4 ára samningi og við höfum sagt að til þess að hægt sé að ganga frá 4 ára samningi þá verðum við að una við þær launahækkanir sem er samið um á samningstímanum og aðrar útfærslur sem liggja á borðinu varðandi ýmis önnur atriði. SA hafa nú þegar riðið á vaðið og gert skammtímasamninga við nokkur félög svo það ætti ekki að vera erfitt fyrir ríkið eða sveitarfélögin að fara þá leið líka gagnvart okkur.

Stuðningur ykkar er okkar vopn!

Á næstu vikum verða haldnir fundir til að ræða stöðuna og ræða næstu skref. Við hvetjum félagsmenn til að fylgjast með umræðunni og mæta til þessara funda. Það er okkur sem stöndum vaktina við gerð kjarasamninga mjög mikilvægt að finna að við höfum sterkt bakland og að baklandið sé sýnilegt.

Í þessu samhengi má geta þess að félagið á digran verkfallssjóð. Stjórn sjóðsins kom saman í sl. viku og hefur undirbúið sig undir það að mögulega geti komið til verkfallsaðgerða og hefur tryggt að fjármagn sjóðsins sé aðgengilegt. Félagsmenn þurfa á næstu vikum að íhuga það til hvaða aðgerða þeir eru tilbúnir að grípa til svo hægt sé að ná viðunandi kjarasamningum.

Með baráttukveðjum,
Maríanna H. Helgadóttir, formaður

Helstu niðurstöður úr könnun félagsins

Félagið stóð fyrir könnun fyrir áramótin um upplifun félagsmanna FÍN á veittri þjónustu félagsins og hér fyrir neðan eru grófar niðurstöður þessarar könnunar.

Alls svöruðu 359 könnuninni en greiðandi félagsmenn eru rúmlega 2000 hjá félaginu. Alls höfðu 42% af þeim sem svöruðu könnuninni nýtt sér þjónustu félagsins. Könnunin var send út bæði á íslensku og ensku.

Flestir sem svöruðu könnuninni voru á aldrinum 31-40 ára eða 30,1%, alls voru 26,2% á aldrinum 41-50 ára og alls 21,7% voru á aldrinum 51-60 ára. Alls voru 10,3% yngri en 30 ára og 11,7% voru eldri en 61 árs.

Flestir svarendur voru íslenskumælandi eða alls 88,3%, alls 1,9% svarenda voru enskumælandi og 9,7% svarenda voru með annað tungumál. Þriðja algengasta tungumálið var þýska.

Flestir svarendur störfuðu hjá ríkinu eða 50,7%, alls 29,5% störfuðu á almennum markaði, alls 8,4% störfuðu hjá sveitarfélögum, alls 8,4% störfuðu hjá sjálfseignastofnunum (stofnunum sem reknar eru að meginhluta af sjálfs-aflafé eða opinberu fé), alls 2% störfuðu hjá Reykjavíkurborg og alls 1,7% merktu við að þeir störfuðu hjá öðrum.

Í könnuninni var spurt um hvort félagsmenn hefðu haft samband við félagið á sl. 12 mánuðum og flestir af þeim sem svöruðu höfðu verið 3 ár eða lengur í félaginu eða 75%. Alls bárust 254 svör við þessari spurningu. Flestir sem svöruðu þessari spurningu höfðu samband við félagið í gegnum tölvupóst eða 57,1%, alls 29,1% hafði samband við félagið í gegnum síma og aðeins 10,2% mættu á skrifstofu félagsins.

Alls svöruðu 243 aðilar þeirri spurningu hvaða þjónustu þeir voru að leita eftir. Flestir sem svöruðu könnuninni voru að leita eftir svári við fyrirspurn eða 48,1%, alls 15,2% höfðu óskað eftir ráðgjöf um launamál og 7,4% höfðu samband vegna yfirlestur á ráðningarsamningi.

Þegar spurt var hvenær félagsmenn vildu fá þjónustu frá félaginu þá svöruðu flestir af þeim 350 sem svöruðu könnuninni að þeir vildu þiggja þjónustu snemma að morgni eða 30,9% og alls 24,6% vildu þjónustu rétt fyrir hádegi. Alls vildu 10,3% svarenda þiggja þjónustu í hádeginu og 3,1% vildu þjónustu að kvöldi. Alls 19,4% svarenda vildu þiggja þjónustu eftir hádegi og 11,7% vildu þjónustu síðdegis.

Af þeim 183 sem höfðu nýtt sér þjónustuna hjá félaginu voru 45,9% mjög ánægðir með þjónustuna og 33,9% voru ánægðir með þjónustuna. Alls voru 3,3% mjög óánægðir með þjónustuna og 7,1% óánægðir með þjónustuna. Alls voru 9,8% hvorki ánægðir eða óánægðir með þjónustuna.

Alls töldu 83% svarenda fullnægjandi framboð á þjónustu frá félaginu, en alls bárust 350 svör við þessari spurningu.

Varðandi almenna ánægju með félagið þá svöruðu 355 þeirri spurningu. Alls voru 20,6% svarenda mjög ánægðir með félagið, 42% voru ánægðir með félagið og 24,8% voru hvorki ánægðir né óánægðir með félagið. Þeir sem voru mjög óánægðir með félagið voru 6,2% og óánægðir með félagið voru 6,5%.

Helstu niðurstöður úr könnun félagsins (frk.)

Félagið mun greina ýmsar ábendingar sem komu fram í þessari könnun og reyna að gera bragarbót á því sem betur má fara og upplýsa félagsmenn um hvaða ábendingar það voru og til hvaða umbótaverkefna félagið mun hleypa af stokkunum í kjölfarið.

Eitthvað örlaði á því að félagsmenn greindu ekki á milli þeirrar þjónustu sem félagið veitir og þeirri þjónustu sem Bandalag háskólamanna (BHM) eða [þjónustuver BHM](#) veitir.

Þess má geta að félagið sinnir allri þjónustu er varðar [Vísindasjóð FÍN](#), [Kjaradeilusjóð FÍN](#) og [styrki sem félagið veitir til atvinnulausra](#).

Sjóðum BHM er aftur á móti stýrt af félagslega kjörnum sjóðsstjórnnum og taka þær allar ákvarðanir varðandi útlutunarreglur úr sjóðunum. Aftur á móti sér BHM sjóðunum fyrir starfsfólki. Þeir sjóðir sem eru hjá BHM eru eftirfarandi:

- [Sjúkrasjóður BHM](#) (sjúkrasjóður fyrir almenna markaðinn)
- [Styrktarsjóður BHM](#) (sjúkrasjóður fyrir opinbera markaðinn)
- [Orlofssjóður BHM](#)
- [Starfsmenntunarsjóður BHM](#)
- [Starfsþróunarsetur háskólamanna](#)

Varðandi þau atriði sem komu fram í ábendingum og kvörtunum félagsmanna og snerta sjóði BHM þá lutu þær ábendingar/kvartanir að ákveðnum styrkjum sem sjóðirnir veita. Þar má nefna að óánægja var með fjárhæð líkamsræktarstyrkja frá sjúkrasjóðum BHM, þeir væru of lágir. Einnig var kvartað yfir því að tannlæknastyrkur skyldi hafa verið felldur út hjá Sjúkrasjóði BHM. Kvartað var yfir punktakerfinu hjá Orlofssjóði BHM og einnig kom fram kvörtun á því hvernig Orlofssjóður BHM brást við þegar flugfélagið WOW féll, en sjóðurinn endurgreiddi ekki ónotuð gjafabréf.

Einnig virðast félagsmenn ekki átta sig á hverjar reglur sjóðanna eru hverju sinni. Í ljósi þessa er mikilvægt að félagsmenn afli sér nýjustu upplýsinga sjálfir á vefsvæðum sjóðanna og kynni sér reglulega þær reglur sem eru í gildi hverju sinni hjá sjóðunum, a.m.k. einu sinni á ári.

Félagið mun á næstu dögum senda BHM bréf þar sem ofangreindum ábendingum/kvörtunum verður komið á framfæri við stjórnendur sjóðanna.

Opnunartími skrifstofunnar

Skrifstofa félagsins er opin mánudag til fimmtudags milli kl. 15:00 og 16:00 og lokað er á föstudögum. Við biðjum félagsmenn að hafa samband við okkur símleiðis á þessum tíma eða mæta á staðinn. Geti félagsmenn ekki komið eða hringt á þessum tíma þá biðjum við ykkur um að senda okkur tölvupóst á fin@bhm.is og óska eftir því að við höfum samband á öðrum tíma og þá verðum við við þeirri beiðni.

Fyrir næsta aðalfund félagsins munum við senda út könnun til félagsmanna til að kanna það hvernig þessi opnunartími hefur reynst og mögulega fylgja eftir ákveðnum atriðum sem vert er að skoða betur frá fyrri könnun og við biðjum félagsmenn um að svara þeirri könnun og láta í ljós sína skoðun, því ykkar álit skiptir máli.

Vísindasjóður FÍN—Frestur til 31. janúar

Almennur umsóknarfrestur um styrk úr Vísindasjóði FÍN er frá **1. desember 2019 til 31. janúar 2020**. Umsóknir sem berast frá og með 14. desember 2019 til 31. janúar 2020 verða greiddir í byrjun febrúar 2020. Allir styrkir verða afgreiddir eigi síðar en 4. febrúar 2020, svo fremi að allar upplýsingar liggi fyrir.

Styrkurinn fyrir árið 2019 verður 165.000 kr. miðað við 100% starfshlutfall á tímabilinu 1. nóvember 2018 til 31. október 2019 og verður styrkurinn lagður inn á reikning umsækjanda. Sækja skal um styrkinn rafrænt á heimasíðu FÍN - [Mínar síður](#). Engin gögn þurfa að fylgja umsókn og hægt er að fylgjast með vinnslu umsóknar á mínum síðum. Nánari upplýsingar um Vísindasjóð FÍN eru á vefsvæði [FÍN](#).

Í kjarasamningi Reykjavíkurborgar og FÍN sem undirritaður var þann 21. desember 2015 var iðgjald í Vísindasjóð FÍN vegna félagsmanna FÍN sem starfa hjá borginni hækkað úr 1,5% í 1,6%. Vísindasjóðsstyrkur til félagsmanna sem starfa hjá Reykjavíkurborg verður því 176.000 kr. fyrir árið 2019, í samræmi við hækkun iðgjalda frá vinnuveitanda.

Rétt til úthlutunar úr sjóðnum hafa sjóðsfélagar sem hafa greitt í sjóðinn. Greitt er í sjóðinn fyrir þá aðila sem þiggja laun samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Ríkisstarfsmenn eiga ekki rétt á styrk úr sjóðnum. Á almennum markaði geta launþegar samið um það í ráðningarsamningi að greitt sé í Vísindasjóð FÍN.

Ef þú veist ekki hvort þú eigir rétt á styrk úr Vísindasjóði FÍN er best að fara inn á mínar síður og kanna það. Sjáir þú þar hnapp sem heitir Vísindasjóður þá áttu mögulega rétt úr sjóðnum. Ef enginn hnappur er sýnilegur þá áttu ekki rétt á greiðslum úr Vísindasjóði.

Ef upp koma vandamál þegar sótt er um styrkinn þá vinsamlegast hafið samband við skrifstofuna í síma 595-5175 eða sendið tölvupóst á netfangið fin@bhm.is.

Reglur sjóða

Félagsmenn FÍN eru hvattir til að kynna sér [reglur sjóða BHM](#) en allar reglur sjóðanna eru aðgengilegar á vefsvæði BHM. Atvinnulausir félagsmenn eru hvattir til að kynna sér reglur um styrki til atvinnulausra félagsmanna á [vefsvæði FÍN](#).

Breytingar á skrifstofu félagsins

Ásdís Gíslason hefur verið ráðin tímabundið fram á mitt þetta ár. Hún mun sinna ýmsum tilfallandi verkefnum hjá félaginu, en mikið álag er á skrifstofu félagsins. Runólfur Vigfússon sem áður var ráðinn sem verkefnastjóri félagsins hefur verið ráðinn lögfræðingur félagsins.

Þeir sem vilja ná sambandi við formann félagsins eða starfsmenn félagsins eru beðnir um að senda erindi á aðalnetfang félagsins fin@bhm.is.